

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015,
snjóflóðavarnir í Ólafsvík.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frá 8. júlí 1997.

Breytingin er vegna endurnýjunar á snjóflóðamannvirkjum í Tvísteinahlíð ofan heilsugæslustöðvarinnar og tekur einkum til svæðis í Tvísteinahlíð frá Mjóadal að Ennishlíð og niður að byggðinni við Engihlíð sem skilgreint er sem „verndað svæði“ (opið óbyggt svæði).

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007